

AUGLÝSING

187

23. nóv.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá þessum degi allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 29. apríl 1940, um blöndun smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Eftirlauna- og styrktarsjóð lyfjafræðinga“, útgefin á venjulegan hátt 28. nóvember 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 188 28. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Eftirlauna- og styrktarsjóð lyfjafræðinga.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er: 1) að veita lyfjafræðingum eftirlaun, er þeir hætta störfum vegna elli eða eru frá störfum án launa vegna veikinda, 2) að veita efnalitlum ekkjum og börnum lyfjafræðinga árlegan fjárstyrk og 3) að styrkja efnilega lyfjafræðinga til framhaldsnáms og vísindastarfa.

2. gr.

Rétt til að gerast meðlimir í styrktarsjóði lyfjafræðinga, hafa allir þeir, er lokið hafa fyrri hluta lyfjafræðiprófs og eru meðlimir í Lyfjafræðingafélagi Íslands. Skulu þeir, sem óska að gerast meðlimir sjóðsins, senda skriflega inntökubeiðni ásamt yfirlýsingu um, að þeir skuldbindi sig til að hlíta reglum og samþykktum, sem sjóðurinn starfar eftir á hverjum tíma.

Óski meðlimur sjóðsins að segja sig úr honum og losna undan skuldbindingum sínum við hann, skal hann tilkynna sjóðstjórn það bréflega, og losnar hann þá við greiðsluskyldu sína og aðrar skuldbindingar, sem sjóðsmeðlimur, sex mánuðum eftir að úrsögnin barst í hendur stjórnarinnar. Greidd iðgjöld eru ekki afturkræf.

3. gr.

Sjóðnum skal afla tekna sem hér segir:

1. Meðlimir sjóðsins greiði honum mánaðarlega (1%) af launum sínum. Tillag þetta greiðist aðeins af launum meðlima sjóðsins vegna starfa þeirra sem lyfjafræðinga. Skal það reiknað út og greitt mánaðarlega eftir á. Er stjórn sjóðsins heimilt að krefja tillag þetta hjá þeim atvinnurekanda, sem greiða á viðkomandi sjóðsmeðlim laun, og hafi stjórnin tilkynnt atvinnurekanda, að hún óski eftir, að tillagið sé greitt af launum starfsmannsins beint til sjóðsins, þá er launþega óheimilt að veita viðtöku þeim hluta launa sinna, sem þarf til að greiða tillagið.